

Alþingi
Velferðarnefnd
sent rafrænt; nefnasvid@althingi.is

Ísafirði 17. október 2018.

Umsögn. Tillaga til þingsályktunar um stofnun ráðgjafastofu innflytjenda. Mál nr 19, 149. löggjafarþing.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur frá upphafi stutt mál er varða bættu þjónustu við íbúa af erlendum uppruna, hvort sem til skemmri dvalar eða varanlegrar búsetu vegna atvinnu, fjölskyldu og eða menntunar og rannsókna. Þannig studdi Fjórðungssambandið markmið þingsályktunar um stofnun Nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum, á árinu 1998 mál 457, 123. löggjafarþing. *Hlutverk miðstöðvarinnar verði að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur hinsvegar haft, allt að því sem árlegt verkefni í 20 ár, gagnvart fjárveitingavaldinu, að minna á tilurð málaflökks innflytjenda og verkefnum þeim tengdum til að tryggja þeim fjármagn.

Efling starfsemi Fjölmeningarseturs á árunum fyrir hrun með undirbúning að stofnun starfsstöðva á Austurlandi og Reykjavík var ánægjuleg, en því miður endasleppt þar sem dregið var úr fjármagni. Lögfesting starfsemi Fjölmeningarseturs með lögum um málefni innflytjenda nr 116/2012 var einnig ánægjuleg en valdið vonbrigðum hve starfsemi setursins hefur ávallt verið þröngur stakkur skorinn. Þannig hafa fjárveitingar staðið í stað og hefur oftast en ekki verið leiddur hugur að því að staðsetning setursins á Ísafirði, hafi sjálfvirkt hamlað vexti þess. Þrátt fyrir þá staðreynd að starfsemi setursins er landsdekkandi þjónusta sem er óháð staðsetningu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga fagnar því eins og í upphafi, að fram er komin þingsályktun sem taki á þessu nauðsynlega verkefni að efla þjónustu við innflytjendur. Fjórðungssamband Vestfirðing telur að markmið þingsályktunarinnar falli að flestu leyti að markmiðum laga nr 116/2016, með vísan til 1., 2. og 3. gr.

Sé vilji Alþingis eindregin að efla málaflökkinn, þá megi nú þegar hraða þeim ferli, með því að auknar fjárveitingar verði samþykktar til reksturs Fjölmeningarseturs í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019. Ætti fjárveitingin að í fyrstu að vera til að efla yfirstjórn setursins, rafræn samskipti við þjónustuþega og til að opna starfstöð Fjölmeningarseturs í Reykjavík á vormánuðum 2019.

Markmið þingsályktunarinnar samkvæmt þingskjali 19, ættu því að nást og því mætti draga efni hennar til baka.

Ísafirði 17. október 2018
f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri